

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2008, föstudaginn 15. febrúar kl. 13:00 var haldinn 82. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Kjartan Magnússon, Ásta Þorleifsdóttir, Gunnar Sigurðsson, Björn Bjarki Þorsteinsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir og Svandís Svavarsdóttir. Ennfremur sátu fundinn forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað Andra Árnasonar hrl. varðandi erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar, sbr. 9. lið fundargerðar frá 1. febrúar 2008 um kaup OR á hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja.

Andri Árnason kom á fundinn og gerði grein fyrir minnisblaðinu og svaraði fyrirspurnum ásamt forstjóra.

2. Lögð fram fundargerð eigendafundar OR haldins í dag.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að ráðast í stefnumótun sbr. samþykkt eigendafundar.

Í þágu opinna og lýðræðislegrar umræðu verður haft samráð við starfsfólk fyrirtækisins jafnframt því sem leitað verður eftir sjónarmiðum fleiri hagsmunaaðila, s.s. þeirra sveitarfélaga sem fyrirtækið þjónar.

Samþykkt.

3. Lögð fram áskorun stjórnar Starfsmannafélags Orkuveitu Reykjavíkur dags. 12. febrúar 2008.

Lögð fram svofelld tillaga að bókun stjórnar:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur tekur undir mikilvægi þess að friður ríki um starfsemi fyrirtækisins.

Samþykkt.

4. Lagt fram bréf Geysis Green Energy dags. 23. janúar s.l. og bréf forstjóra Reykjavíkur Energy Invest um sameiningu Geysis Green Energy og Enex, og hlutafjárukningu í Enex-Kína og Iceland America Energy. Ennfremur bréf forstjóra REI um tilboð í hlut í IAE.

Frestað.

5. Lagt fram svarbréf borgarstjórans í Reykjavík dags. 7. febrúar 2008 við spurningum Akraneskaupstaðar, lögðum fram á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur 21. desember 2007.

Gunnar Sigurðsson óskaði bókað að Akraneskaupstaður myndi óska umsagnar lögmanns bæjarins um svörin.

6. Lögð fram á ný þriggja ára áætlun samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2009-2011.

Samþykkt.

7. Kosning stjórnar útivistarsvæða, sem frestað var á síðasta fundi.
Lögð fram tillaga um Ástu Þorleifsdóttur, sem verði formaður, Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, Jórunni Frímannsdóttur, Dofra Hermannsson og Friðrik Dag Arnarson.

Samþykkt.

8. Lagt fram erindi Innkauparáðs frá 12. febrúar 2008 varðandi tilboð í byggingamannvirki, varmastöð, Hellisheiðarvirkjun. Lagt er til að tilboði lægstbjóðanda, Ístaks hf., verði tekið að fjárhæð kr. 1.560.290.835, sem er 100,3% af kostnaðaráætlun.

Samþykkt.

9. Lagt fram erindi Innkauparáðs frá 12. febrúar 2008 varðandi heimild til að ganga til samninga við Hebei Shengtian Pipe Fitting Group í umboði IAS Ltd., en fyrirtækið var lægstbjóðandi í opnu útboði á svörtu pípuefni fyrir V. áfanga Hellisheiðarvirkjunar. Standist fyrirtækið tæknilegar og fjárhagslegar kröfur er óskað heimildar til að ganga síðar frá samningi um kaup á pípuefninu að fjárhæð kr. 563.089.380.

Samþykkt.

10. Lagt fram sölutilboð Osta- og smjörölunnar vegna Bitruháls 2.

Frestað.

11. Önnur mál.

- a. Kynning fyrir stjórn rædd.
- b. Staða umhverfismats Bitruvirkjunar rædd.

Svandís Svavarsdóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir óska bókað:

Áherslum varaformanns stjórnar Orkuveitunnar í fjölmiðlum varðandi Bitruvirkjun er fagnað enda gefa þær fyrirheit um að Ölkelduhálsi verði þyrmt.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:10.

Kjartan Magnússon,
Ásta Þorleifsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson,
Sigrún Elsa Smáradóttir, Svandís Svavarsdóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.